

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**17. febrúar 2026**

**Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands,  
Flokks fólksins og Vinstri grænna um nýtingu frístundastyrks fyrir stutt  
námskeið**

Borgarstjórn samþykkir að fela menningar- og íþróttaráði að undirbúa tilraunaverkefni sem feli í sér að hægt verði að nýta frístundastyrk fyrir styttri námskeið en núverandi reglur gera ráð fyrir. Núverandi reglur gera ráð fyrir nýtingu fyrir ákveðna tímalengd þar sem félagslegir þættir eru til hliðsjónar. Í ljósi þess að margt bendir til að tekjulægstu hóparnir eigi síður kost á að nýta styrkinn nema í styttri námskeið, er lagt til að farið verði af stað með umrætt tilraunaverkefni. Áhrifin verði metin sem og nýting frístundastyrksins. Menningar- og íþróttaráði verði falið að leggja fram áfanganiðurstöður eigi síðar en 20. mars 2026 og lokaniðurstöður eigi síðar en 8. maí 2026.

**Greinargerð**

Frístundastyrkur Reykjavíkurborgar er mikilvægt jöfnunartæki borgarinnar þegar kemur að þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu íþrótta- og menningarstarfi. Markmið hans er að tryggja sem jafnast aðgengi að tómstundum, efla félagslega þátttöku og styðja við velferð barna óháð efnahag foreldra.

Í gildandi reglum um frístundastyrk er gert ráð fyrir að frístundakortið nýtist vegna námskeiða sem standa yfir tiltekinn lágmarkstíma, með hliðsjón af félagslegum markmiðum og mikilvægi samfellu í starfi.

Í samstarfsyfirlýsingu meirihlutans er sérstaklega kveðið á um að unnið verði að breytingum á reglum um frístundakort og að heimilt verði að nýta það til að greiða fyrir sumarnámskeið eða styttri námskeið með það að markmiði að draga úr aðstöðumun og möguleikum barna í viðkvæmri stöðu til að taka þátt í fjölbreyttu starfi.

Tillaga þessi er í samræmi við áherslur meirihluta og miðar að því að auka sveigjanleika kerfisins, bæta aðgengi og stuðla að aukinni þátttöku barna í fjölbreyttu frístundastarfi.

Á árunum 2024 og 2025 voru að meðaltali 3550 börn sem ekki nýttu frístundakortið. Með því að hrinda af stað afmörkuðu tilraunaverkefni gefst tækifæri til að meta áhrif aukins sveigjanleika á nýtingu frístundakortsins og kanna hvort breytingin leiði til aukinnar þátttöku barna sem annars stæðu utan skipulags starfs. Slík nálgun er í anda markmiða borgarinnar um að bæta aðgengi að íþróttum, menningu og virkni með sérstakri áherslu á börn í viðkvæmri stöðu.

Lagt er til að menningar- og íþróttaráði verði falið að undirbúa og útfæra tilraunaverkefnið, skilgreina mælikvarða á árangur og leggja fram áfanganiðurstöður eigi síðar en 20. mars 2026 og lokaniðurstöður eigi síðar en 8. maí 2026. Með markvissri eftirfylgni og mati verði unnt að taka upplýsta ákvörðun um hvort gera eigi breytingarnar varanlegar.